

Hugleiðingar um foreldrasamstarf

Erindi á Menntavísindasviði

Kristrún Sigurjónsdóttir, kennsluráðgjafi fjölmenningar í Hafnarfirði
2019

HAFNARFJARÐARBÆR



Af hverju flyst fólk til Íslands?

- Atvinna
- Nám
- Hjónaband
- Flóttamenn
- Fjölskyldusameining
- Leit að alþjóðlegri vernd
- Leit að betra lífi
- Frjálsir eða þvingaðir flutningar

HAFNARFJARÐARBÆR



Margvíslegar fjölskyldugerðir

- Blönduð hjónabönd/sambúð
- Samkynhneigð hjónabönd/sambúð
- Einstæðir foreldrar
- Kjarnafjölskyldur
- Stórfjölskyldur
- O.s.frv.

HAFNARFJARÐARBÆR



Áskoranir sem fjölskyldur standa frammi fyrir

- Kunna ekki tungumálið
- Menningarmunur
- Menningaráfall
- Lítil samfélagsþekking í sumum tilfellum
- Atvinna
- Húsnæði
- Framandi umhverfi – skráðar og óskráðar reglur, siðir, gildi, veðurfar, matur o.fl.

HAFNARFJARÐARBÆR



Áskoranir sem fjölskyldur standa frammi fyrir

- Fordómar
- Einangrun
- Menntun og starfsreynsla ekki metin
- Ökuréttindi ekki tekin gild
- Félagsleg staða breytist
- Tengslanet horfið
- Hlutverk innan fjölskyldunnar breytast, getur valdið árekstrum milli foreldra og barna eða í hjónabandi

HAFNARFJARDARBÆR



Móttaka nemenda og foreldra í skólum

- Móttökuvíðtöl skv. móttökuáætlun
- Skólinn þarf að gefa greinargóðar upplýsingar s.s. varðandi dagskipulag, nám, heimanám, stuðning í íslensku sem öðru máli, skólareglur, bekkjarstarf, félags- og tómstundastarf, frímínútur, hjúkrunarfræðing og bólusetningar, námsráðgjafa, skóladagatal, mataráskrift, frístund o.fl.
- Skólinn getur afhent foreldrum bæklinga sem þýddir hafa verið á ýmis tungumál og veita upplýsingar um íslenskt skólastarf, frístundastarf, útvistarreglur, barnavernd o.fl.
- Skólinn getur þurft að aðstoða foreldra við hluti sem íslenskir foreldrar þurfa ekki aðstoð við s.s. skráningu í Mentor, skólamötuneyti, frístundastarf, vinnuskóla, leikjanámskeið o.fl.
- Skólinn þarf að fá greinargóðar upplýsingar um bakgrunn nemandans s.s. menningarlegan bakgrunn, skólagöngu, félagslega stöðu, fyrri reynslu og þekkingu, styrkleika o.fl. Stöðumat.
-

HAFNARFJARDARBÆR



Móttaka nemenda og foreldra í skólum

- Nauðsynlegt er að kalla foreldra í annað viðtal nokkrum vikum eftir að nemandi byrjar í skólanum til að fara yfir hvernig hefur gengið og svara spurningum sem hafa vaknað hjá foreldrum.
- Hafa í huga að ef foreldrar eru með áfallastreitu þarf oft að gefa þeim sömu upplýsingarnar oft. Einnig þarf að minna á fundi í skólanum.
- Kalla foreldra til eins oft og nauðsynlegt er en ekki safna upp málum sem þarf að ræða.
- Þjóða foreldrum að koma í heimsókn á skólatíma til að kynna sér skólalastarfið og árétta að þeir séu alltaf velkomnir.
- Skólinn þarf oft að hafa frumkvæði að samskiptum. Foreldrar barna af erlendum uppruna hafa mismiklar forsendur til að hafa frumkvæði að samskiptum eða finnst það ekki vera sitt hlutverk.

HAFNARFJARDARBÆR



Hvaða samskiptaleiðir henta best?

- Geta samskiptin farið fram á þriðja máli sem báðir aðilar skilja?
- Þurfa foreldrar túlkun? Samfélagstúlkun, símaskilaboð, language line, þýðingavélar.
- Er tengiliður sem talar íslensku eða ensku til staðar?
- Eru foreldrar með tölvupóst?
- Skrifleg skilaboð, oft til á mörgum tungumálum.
- Sjónrænt efni, samskiptabækur, orðalistar, skilaboðabankar.
- Eru foreldrar læsir? Munnleg eða sjónræn skilaboð.
- Aldrei láta börn túlka fyrir foreldra sína!
- Foreldrar eiga rétt á túlki þótt þeir hafi búið lengi á landinu.

HAFNARFJARDARBÆR



Mikilvægi foreldrasamstarfs

- Viðhorf og stuðningur foreldra hefur mikil áhrif á líðan barna og framfarir þeirra í námi. Gott samstarf við foreldra er því afar mikilvægt.
- Mikilvægur grunnur að góðu samstarfi er að foreldrar finni að menningu þeirra og móðurmáli sé sýnd virðing og að skólastarfið endurspegli menningarlegan margbreytileika nemenda. Slíkt eykur á tilfinningu nemenda og foreldra fyrir því að þeir tilheyri raunverulega skólasamfélaginu og að menningarlegt framlag þeirra skipti máli.
- Flestir foreldrar geta stutt vel við nám barna sinna og vilja eiga hlutdeild í námi þeirra og félagslífi. Mikilvægt er að skólinn bendi foreldrum á leiðir sem styðja við nám barna t.d. aðstoð við heimanám, stuðning við móðurmál og þátttöku í íþrótt- og tólmstundastarfi.

HAFNARFJARDARBÆR



Mikilvægi foreldrasamstarfs

- Mikilvægt er að hlusta á raddir foreldra, skilningur þeirra á hlutverki sínu getur verið ólíkur því sem við eigum að venjast. Skólinn þarf að virða hlutverk foreldra og ábyrgð en varast að krefjast einhvers af þeim sem þeir geta ekki orðið við.
- Foreldrar geta haft önnur viðhorf og væntingar til skólastarfs en almennt gerist á Íslandi. Upplýsingagjöf á báða bóga er því mikilvæg og í raun grunnur að því að finna sameiginlegan skilning á því hvernig best verður stutt við barnið.
- Foreldrar erlendra barna eru ómetanleg uppspretta upplýsinga varðandi t.d. menningu, gildi, siði, hefðir, trúmál o.fl. Þeir búa yfir miklum menningarauði sem oft er vannýttur í skólastarfi.
- Það skiptir miklu máli að valdefla erlenda foreldra og auka aðkomu þeirra að skólastarfi t.d. með þátttöku í bekkjastarfi, foreldrafélögum og skólaráðum.

HAFNARFJARDARBÆR



Menningarfærni

- Sú menning sem við ölumst upp við hefur áhrif á atferli okkar og hvaða sýn við höfum á lífið. Við erum þó ekki endilega meðvituð um menningarlegu áhrifin á okkur sjálf, atferli okkar og hugsun. Það er fyrst þegar við mætum fólki með ólíkan menningarbakgrunn sem við sjáum og finnum muninn.
- Í samskiptum við fólk með ólíkan menningarlegan bakgrunn er mikilvægt að gæta sín á fyrirframgefnum hugmyndum um og viðhorfum til fólks með annan bakgrunn. Og skoða e.t.v. hvaðan við höfum þessar hugmyndir.
- Það er mikilvægt að alhæfa ekki um fólk á grundvelli menningarlegs bakgrunns. Aðrar breytur s.s. aldur, kyn, stétt, félagslegur- og efnahagslegur bakgrunnur, menntun, trú, reynsla o.fl. hafa ekki síður áhrif á atferli og viðhorf fólks.
- Fordómar og staðalmyndir geta leitt til mismununar sem hefur áhrif á möguleika fólks og tækifæri í framtíðinni.
- Tölum alltaf við fólk af virðingu og með opnum huga varðandi lausnir í samskiptum.

HAFNARFJARDARBÆR



Nokkur dæmi um ólík viðhorf/ menningarmun

- Frímínútur og útivera í slæmu veðri
- Sundkennsla
- Skólaferðalög
- Félagsmiðstöðvar, íþróttir- og tómstundir eftir skóla
- Sleep over
- Heimsóknir og afmæli á heimilum ókunnugs fólks
- Of lítil áhersla á heimanám
- Of lítill agi í skólum

HAFNARFJARDARBÆR



Nokkur dæmi um menningarmun

- Greiningar hjá sérfræðingum s.s. sálfræðingum, talmeinafræðingum
- Að láta lítil börn sofa úti
- Að lítil börn séu á leikskólum í 8 – 9 tíma á dag
- Að setja gamalt fólk á elliheimili og heimsækja einu sinni í viku
- Útihátíðir
- Einstaklingshyggja eða samhyggja
- Utanaðkomandi aðstoð eða vandamál leyst innan fjölskyldunnar

HAFNARFJARDARBÆR



Að ræða ólík viðhorf og menningarmun

- Í foreldrasamstarfi er mikilvægt að upplýsa og ræða um ólík viðhorf og menningarmun þegar slíkt kemur upp.
- Mismunandi siðir og gildi geta verið ruglandi fyrir börn, það sem þeim er hrósað fyrir í skóla er þeim stundum refsað fyrir heima.
- Í sumum tilfellum skipta ólíkir siðir eða viðhorf litlu máli en í öðrum tilfellum skipta þeir miklu máli fyrir líðan og velferð barnsins.
- Það er of rík tilhneiging til að horfa til þess sem er ólíkt og aðgreinir okkur í menningarlegu tilliti.
- Mikilvægt er að horfa frekar til þess sem við eigum sameiginlegt sem manneskjur en þess sem aðgreinir okkur.
- Samskipti foreldra og skóla þurfa alltaf að snúast um að finna sameiginlega leið til að skólaganga barnsins sé sem farsælust.

HAFNARFJARDARBÆR



Hvað þurfum við að hafa huga?

- Vera meðvituð um eigin skoðanir, viðhorf og fordóma.
- Hafa í huga áhrif búferlaflutninga, frjálssra eða þvingaðra, á einstaklinga og fjölskyldur.
- Hafa í huga að foreldrar geta verið í viðkvæmri stöðu.
- Vera meðvituð um áhrif ólíkrar menningar í samskiptum.
- Vera tilbúin að leita leiða sem hjálpa barni og foreldrum.
- Vera tilbúin til aðstoðar en taka ekki ábyrgð af foreldrum.
- Veita fólki verkfæri og bjargir til framtíðar.

HAFNARFJARDARBÆR



***Munum að hugsa 20 ár fram í tímann
Takk fyrir í dag***

HAFNARFJARDARBÆR

